



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. maí 2006
Tilvísun: 2006020037
Bréfalykill: 50.15

Efni: Áhrif frumvarps til breytingar á upplýsingalögum að því er varðar gögn á vegum Orkustofnunar

Vísað er til bréfs ráðuneytisins til Orkustofnunar dags. 20. febrúar 2006 með tilvitnun IVR06020073/17.100.

Orkustofnun fagnar því að aðgangur verði rýmkaður að upplýsingum, gögnum og gagnagrunnum opinberra stofnana, án frekara endurgjalds en leiðir af eðlilegum kostnaði við afhendinguna. Stofnunin hefur ætíð stutt slíka viðleitni að sínu leyti í samræmi við tæknina á hverjum tíma, nú síðast með þróun Gagnavefsjár til miðlunar á gögnum um vefinn (sjá <http://www.gagnavefsja.is>) svo og með afhendingu tilgreindra tölvutækra gagna skv. beiðnum þar um, eftir atvikum gegn greiðslu umsýslukostnaðar við afhendinguna og með samþykki annarra rétthafa að gögnunum. Í tilefni af þessu eru þegar í athugun m.a. eignarhald og annar réttur yfir gögnum og mögulegar tálmanir í vegi fyrir afhendingu þeirra í sérstakri gagnanefnd Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna. Þessi mál krefjast enn meiri athygli með lausnir í huga í framhaldi af samþykkt laga um upplýsingarétt um umhverfismál á Alþingi þann 3. apríl sl. Gagnanefndin hefur ekki enn lokið störfum, en um leið og niðurstöður liggja fyrir mun Orkustofnun gera ráðuneytinu grein fyrir þeim.

Hvað snertir sértekjur, þá mun frumvarp til breytingar á upplýsingalögum ekki hafa nein áhrif hjá Orkustofnun. Tekjur Vatnamælinga Orkustofnunar frá aðilum utan stofnunarinnar af umsýslu við afhendingu gagna eru óverulegar, eða af stærðargráðunni 300.000 kr. á ári.

Virðingarfyllst

Kristinn Einarsson

Elín Smáradóttir